

Alþingi
Erindi nr. P 140/575
komudagur 1.12.2011

Smári McCarthy
Hringbraut 53
107 Reykjavík
smari@const.is
30. nóvember, 2011.

Nefndasvið Alþingis
b/t stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hér veiti ég umsögn um 3. mál á 140. löggjafarþingi, tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskrá Íslands.

Ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi við þessar tillögur stjórnlagaráðs og tel brýnt að þjóðin fái að kjósa um gildistöku þess sem allra fyrst. Fari svo að einhverjar breytingar muni teljast nauðsynlegar þá verði þær aðeins gerðar með fullri samvinnu og samþykki stjórnlagaráðs, og að breytingartillögurnar séu settar fram sem valkostir í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Sér í lagi langar mig til að lýsa yfir stuðningi við þau stóru skref sem stigin eru í átt að gagnsæi og upplýsingafrelsi í tillögunum. Þó vil ég benda á nokkra hugsanlega vankanta nokkura greina, sem eru ekki frávíkssök en mættu verða að atriðum til úrbóta þegar tillagan færi til þjóðaratkvæðagreiðslu.

13. gr. Eignarréttur

Í greininni er tekin upp fyrirmynd þýsku stjórnarskránnar með að “engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji,” og að “eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir”. Þetta er þó öllu veikara en í 14. grein þýsku stjórnarskránnar þar sem segir að eignir skuli notast í almannabágu. Með því orðalagi, sem þó er almennara, er verið að taka fyrir að eignarréttur sé nýttur á þann hátt að hann gangi gegn hagsmunum almennings. Hugsanlega væri hægt að nálgast þessa hugmyndafræði að einhverju leyti, til dæmis með orðum á borð við “eignarrétti má ekki beita gegn almannahagsmunum”.

14. gr. Skoðana- og tjáningarfrelsi

“Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu. Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatækni [...]”.

Með þessu orðalagi er sagt að ríkið skuli ekki loka á eða ritskoða fjarskipta-veitur á borð við Internetið, sem er hið besta mál, en þó væri sterkara og myndi vernda almenning á fleiri vegu ef að sköpuð væri jákvæð skylda til að ríkið tryggði

opinn og óskertan aðgang að netinu. Munurinn verandi að með ákvæðinu eins og það stendur ber ríkinu ekki að grípa inn í gagnvart aðgerðum einkaaðila eða annarra ríkja sem leiða af sér skerðingu á aðgangi að netinu, eða niðurbrot á virkni þess.

15. gr. Upplýsingaréttur

Þetta ákvæði er sérlega gott og á stjórnlagaráð mikið hrós fyrir þessa nálgun, enda er ljóst að hvergi í heiminum hefur jafn sterk trygging fyrir gagnsæi stjórnvalda verið lagt fram.

Þó stendur síðasta setning 1. mgr út fyrir: “Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt lögum”. Ekki er ljóst í hvaða tilfellum það getur verið réttlætunlegt fyrir ríki að eyða gögnum, og það að opna á að lagaheimild verði sköpuð sem leyfir eyðingu laga getur leitt til grófrar misnotkunar í verstu tilfellum, sem er einmitt hlutverk stjórnarskrár að verjast gegn. Lagt er til að þessi setning sé felld niður.

16. gr. Frelsi fjölmiðla

Það teljast miklar umbætur að tryggt sé frelsi fjölmiðla og vernd heimildarmanna og uppljóstrara, en þó ætti að athugast að skilyrðin sem sett eru fyrir afhjúpun nafnleyndar eru veikari en þau sem lögð eru fyrir í tillögum Evrópuráðs R(2000)7, sem er farsæl útfærsla á í 119. gr. laga um meðferð sakamála. Til að tryggja sem sterkustu vernd fyrir heimildarmenn legg ég til að gerð sé sú krafa að verulegir almannahagmunir ríki til að nafnleynd sé afhjúpuð.

113. gr. Stjórnarskrárbreytingar

Önnur málsgrein þessa ákvæðis, þar sem sett er fram regla sem yfirvegur vilja almennings í þjóðaratkæðagreiðslum tekur sjálfsákvörðunarrétt af almennungi í tilfelli breiðrar samstöðu á Alþingi og er hættuleg lýðræðinu í þeim tilfellum þar sem vilji almennings gengur sterklega gegn vilja þingsins. Mögulegt er að í reynd verði þetta ákvæði til þess að öll aðkoma almennings að ákvörðunartökuferlum sé gagnslaus.

Þessa málsgrein ætti að fella niður.

Að öðru leyti geri ég ekki athugasemdir við tillögur stjórnlagaráðs og undirstrika ég enn og aftur að þessar tillögur njóti almennt míns stuðnings.

Virðingarfyllst,
Smári McCarthy